

Reikningsskilaráð ríkisins

20. Fundur – 23. maí 2018 kl. 09:00

FUNDARGERÐ

Fundinn sátu:

- Reikningsskilaráð: Gunnar H. Hall, Ingþór Karl Eiríksson, Ólafur Hjálmarsson, og Anna Birgitta Geirfinnsdóttir. Margrét Björk Svavarsdóttir boðaði forföll.
- Fulltrúar ríkisendurskoðanda: Sveinn Arason og Birgir Finnbogason.
- Fundarritari: Kristinn Hjörtur Jónasson.

1. Fundargerð síðasta fundar

Fundargerð 19. fundar samþykkt.

2. Skýrsla KPMG um meðferð fjárfestingarframlaga í reikningsskilum ríkisins.

Farið yfir skýrslu KPMG um um meðferð fjárfestingarframlags í bókhaldi ríkisstofnana.

Farið yfir minnisblað Ríkisendurskoðunar um helstu niðurstöður KPMG. Í aðalatriðum kemur þar fram það álit KPMG að ársreikningalög og þær reglur sem þau sækja til nái ekki yfir meðferð slíkra framlaga. Líta beri til ákvæða IPSAS við ákvörðun reikningshaldslegrar meðferð þeirra og þar eigi við IPSAS 23 *Tekjur af viðskiptum án endurgjalds (skattar og yfirfærslur)*. Samkvæmt þeim staðli eru þrír kostir í stöðunni varðandi mótbókun fjárfestingarframlagsins, þ.e. sem eiginfjárframlag, tekjur ársins eða skuld. KPMG útilokar eiginfjárframlagið og telur það ekki uppfylla nauðsynleg skilyrði. Fjármála- og efnahagsráðuneytið hefur talað fyrir að mótbókun framlagsins sé til skuldar á efnahagsreikningi en KPMG telur rétt að hún færist sem tekjur ársins á rekstrarreikningi. Sú niðurstaða KPMG ræðst alfarið af því að þessi framlög séu ekki skilyrt, að öðrum kosti mætti færa þau til skuldar á efnahagsreikningi.

Farið var yfir minnisblað fjármála- og efnahagsráðuneytisins sem voru viðbrögð við áliti KPMG. Þar koma fram athugasemdir við ýmsar forsendur KPMG svo sem varðandi samspil ríkissjóðs og stofnana. Jafnframt er þar bent á að fjárfestingarframlög til ríkisaðila í A-hluta séu vissulega ýmsum skilyrðum háð. Í ljósi þess ætti að vera næg forsenda til að færa slík framlög til skuldar á efnahagsreikningi. Samkvæmt minnisblaðinu er lögð áhersla á að reikningsskilin séu gagnsæ og gefi skýra mynd af rekstri stofnana í anda LOF. Mikilvægt er að gætt sé samræmis, þannig að ekki skipti máli hvort eign sé keypt eða tekin á leigu hjá stofnunum.

Kom fram að Ríkisendurskoðun hefur áður gefið út athugasemdir við þá meðhöndlun sem lagt hefur verið upp með. Jafnframt bentu þeir á að horfa þurfi til þess að IPSAS board er að skoða breytingu á IPSAS 23. Samkvæmt vinnuáætlun IPSASB er miðað við að endurskoðaður staðall verði samþykktur íársbyrjun 2020.

Lögð voru fram drög að ársreikningi fyrir ríkisstofnun í A-hluta árið 2017 samkvæmt báðum aðferðum, þ.e. tekjufærðu fjárfestingarframlagi annars vegar og skuldfærðu hins vegar. Rekstrarniðurstöðurnar voru gjörólíkar og gefa mjög mismunandi mynd af fjárhagsstöðu stofnunarinnar. Annars vegar sýndi það stofnun með myndarlegan rekstrarafgang (tekjuaðferðin) og hins vegar stofnun með verulegan rekstrarhalla sem ástæða er til að hafa áhyggjur af. Almennt

hölluðust ráðsmenn að því að sú framsetning sem dregur fram rekstrarvanda gefi gleggri og sannari mynd af fjárhagstöðu stofnunarinnar.

Spurt var hvernig unnt sé að ná fram þeirri færslumeðferð að skuldfæra framlagið í upphafi og færa það síðan niður í samræmi við líftíma (notkun) eignarinnar. Það skiptir máli að útfærslan leiði ekki til þess að erfitt verði fyrir ríkisendurskoðanda að árita reikninga stofnana. Hvaða breytingar þarf að gera á reikningsskilahluta LOF sem heimila umrædda færslumeðferð fjárfestingarframlaga.

Ákveðið var að fela vinnuhópi að fara yfir lögina í því skyni að sníða af helstu vandamál sem komið hafa fram og hindrað að unnt hafi verið að ná fram settum markmiðum. Í þessu samhengi sýndist helst þurfa að huga að eftirfarandi:

- Skoða þarf orðalag LOF og koma með lagabreytingartillögur sem skýra betur framkvæmdina, svo sem greinar 52, 55, 56, 58. og 63. gr.
- Skoða þarf hvort skilgreina eigi „þröngan“ ríkissjóð betur og hvort gera eigi sérstakan ársreikning fyrir hann,
- Ólík sýn á hvað er skilyrt framlag. Þarf að koma skýrt fram sérstakt ákvæði í fjárlögum þar að lútandi.
- Á að bæta inn heimild fyrir reikningsskilaráð að setja sértækar reglur fyrir minni aðila. Skoða einnig lagabreytingu sem gefur reikningsskilaráði heimildir til að víkja frá t.d. ársreikningalögum, svo sem til að opna á að minni stofnanir þurfi ekki að fara eftir ársreikningalögum að fullu eða hvort hægt sé að gera reikningsskil með einfaldri útfærslu á IPSAS. Hjá litlum rekstrareiningum snúast reikningsskilin helst um að halda utan um meðferð fjárveitinga og geta því verið einföld.
- Tryggt verði að uppgjör allra ríkisaðila verði í samræmi við uppgjöraðferðir ríkissjóðs.

Ekki annað rætt og fundi slitið kl. 10:30.